

## Umsögn eigenda Búlands um drög að lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. Áfanga rammaáætlunar

### Almennt

Undirritaðir eigendur Búlands í Skaftártungu vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við drög að lokaskýrslu verkefnisstjórnar þriðja áfanga rammaáætlunar.

Á sjöunda áratugnum hófust athuganir á möguleikum til að virkja Skaftá. Vatnsfallið er stórt og hæðarmunurinn mikill og aðilum verið ljóst að virkjun Skaftár væri stórt og að öllum líkindum arðbært verkefni.

Í upphafi hófu Vatnamælingar ríkisins mælingar og síðar Landsvirkjun og Rarik í sameiningu rannsóknir á virkjunarkostinum. Staða máls var sú árið 2008 að Landsvirkjun og Rarik unnu af krafti við undirbúning virkjunar án samráðs eða samningaumleitana við eigendur nauðsynlegra vatnsréttinda og lands. Á þessum tíma voru engin dæmi um að Landsvirkjun og/eða Rarik greiddu umtalsverð auðlindagjöld til eigenda vatnsréttar og lands. Landeigendur upplifðu hættu á eignaupptöku fengju þessir aðilar ekki skýr skilaboð um hvað eigendum Búlands þættu eðlileg auðlindagjöld.

Við framangreindri stöðu brugðust landeigendur Búlands með því að semja við félagið Íslenska orkuvirkjun ehf síðar Suðurorku ehf um veruleg árleg auðlindagjöld sem tækju mið af raforkusölu og fylgdu raforkuverði kæmi til þess að virkjun hæfi orkuvinnslu. Nú hefur Suðurorka frá árinu 2009 unnið að þróun á virkjunarkostinum sem kallaður er Búlandsvirkjun 150 MW vatnsaflsvirkjun í Skaftártungu. Stór hluti áhrifasvæðis hennar og vatnsréttinda eru í höndum eigenda Búlands.

Þennan tíma hefur Suðurorka nýtt til að afla þeirra gagna og leyfa sem nauðsynleg hafa verið. Þess má geta að þegar aðalskipulag Skaftárhrepps var endurskoðað 2010 og Búlandsvirkjun sett á aðalskipulag bárust engin veruleg andmæli frá íbúum Skaftártungu. Við eigendur Búlands erum stoltir af þeirri vinnu sem Suðurorka hefur staðið fyrir, með okkar stuðning, við þróun á samningi til að deila auðlindarentunni milli réttahafa lands, vatns og nærsamfélags virkjunar í Skaftártungu. Gengju þau áform eftir má telja víst að aðstæður íbúa Skaftártungu og Skaftárhrepps alls til landbúnaðar og annarrar iðju ásamt getu til að leysa samfélagsverkefni yrði til muna betri.

### Umsögn

Það er okkur eigendum Búlands fyrirmunað að skilja ef stjórnvaldsnefnd og Alþingi á að geta tekið af okkur réttinn til að virkja fallvötn í okkar eignarlöndum bótalaust. Eina eðlilega niðurstaðan er að verði okkur meinað að láta virkja Skaftá með flokkun landssvæðis í okkar eigu í vernd í rammaáætlun þá þarf einhver að bæta okkur það tjón sem við verðum fyrir. Annað er óverjandi.

Við lestur skýrslu verkefnisstjórnar rammaáætlunar eru á mörgum stöðum staðhæfingar um Búlandsvirkjun og áhrif hennar sem erfitt er að sjá á hverju eru byggðar. Þá virðist sem afmörkun áhrifasvæða sé valin með það fyrir augum að minnka lýkur virkjun Skaftár í landi Búlands.

Þegar svo önnur og heilbrigð sjónarmið svosem hvort þetta hafi góð eða slæm áhrif á samfélagið og hvort að efnahagur Íslands batni eitthvað með tilteknum verkefnum þá er kastað til höndum. Þeir sem þá vinnu eiga að framkvæma, faghópar 3 og 4, eru kallaðir svo seint til að fráleitt er að þeir geti skilað niðurstöðu. Eina rökrétta niðurstaðan er því að fresta afgreiðslu rammaáætlunar þar til þessi mikilvægu sjónarmið eru komin fram.

Við eigendur Búlands teljum að verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar sé ekki búin að vinna sína vinnu og okkar hagsmunum er betur borgið með Búlandsvirkjun í biðflokki ef nauðsynlegt er að ljúka einhverju núna. En það þarf að tryggja það að fólk sem á verulegra hagsmuna að gæta eins og til dæmis Þóra Ellen Þórhallsdóttir komi ekki nærri neinni afgreiðslu þar sem Búlandsvirkjun er annars vegar. En hún er landeigandi í nágrenni Skaftár neðan Kirkjubæjarklausturs. Við treystum því ekki að Þóra Ellen starfi ekki með sama hætti innan

rammaáætlunar og Eldvatna sem eru fámenn áróðurssamtök sem hún og nokkrir aðilar í hreppnum stofnuðu til að koma í veg fyrir að okkur takist að fá tekjur af vatnsréttindum okkar.

## Athugasemdir

### Flokkun í verndarflokk rýrir eigur okkar verulega

Sem landeigandi Búlands mótmæli ég þeirri aðgerð sem virðist í bígerð að með stjórnvaldsaðgerð verði kippt af eigendum Búlands þeim tekjuöflunarmöguleika sem við höfum þróað og þroskað með okkur í áratugi. Eigendur Búlands munu að sjálfsgöðu leita réttar síns gagnvart þeim sem ætla þannig að rýra eignir okkar fyrir dómstólum ef það er eini vettvangurinn.

### Ferðamennska

Frá Búlandi hefur verið stunduð þjónusta við ferðamenn í áratugi. En tekjur af þeirri starfssemi hafa ekki dugað til uppbyggingar innviða til frekari tekjuöflunar. Hins vegar virðast aðilar geta skipulagt ferðir um okkar lönd og haft af því tekjur án þess að skilja nokkuð eftir hjá okkur landeigendum.

Eigendur Búlands mótmæla því hve hátt er gert undir höfði ferðapjónustunnar. Vegna hennar mega mannvirki vatnsaflsvirkjunar til tekjuöflunar á eignarlöndum okkar hvorki sjást né vera. Þetta er óásættanlegt þar sem samkvæmt gögnum sem Suðurorka hefur aflað vegna mats á umhverfisáhrifum er sérstaða landsins ekki veruleg.

Eigi að láta ferðapjónustuna hafa allt það vægi sem hún er að fá þá þarf hið opinbera klárlega að hefja greiðslur fyrir afnot af landi og óþægindum vegna umferðar ferðamanna um beitilönd og heimalönd.

### Beit

Nú er Búland eitt af stærstu fjárbúum í Skaftártungu og við teljum okkur vita sitthvað um beit sauðfjár. Það er óþolandi að verið sé að blása upp mikilvægi væntanlegs lönsstæðis sem beitolands. Því þótt landið sé gróið þá er það að mestu frekar slakt beitoland og þangað yfirleitt ekki heimilað að beita fyrr en í lok júní. Aðilar sem stunda búskap frá landlitlum jörðum er alltaf sárt um alla beit en á því landi sem fer undir vatn hafa ekki sést fleiri en 100 kindur, nema við smölun að hausti. Það er fráleitt að láta sem nemur 35 vetrarfóðruðum kindum telja við ákvörðun stórra framkvæmda, það er bara hjákátlegt.

Hins vegar hefur Suðurorka kynnt lausnir þar sem opnað yrði fyrir miklu meira og betra beitoland austan Skaftár. En það land er ónýtt sem stendur en stendur minnst 100 m lægra yfir sjó. Land þetta verður aldrei nýtt nema til komi girðingar en sauðfjárbúskapur án stuðnings s.s. frá framkvæmdaaðila Búlandsvirkjunar, mun ekki geta staðið undir fjárfestingu á slíku girðingarmagni sem nauðsynlegt er. Það er raunverulegur stuðningur við sauðfjárbúskap sem er sú atvinnugrein sem við í heimabyggð viljum stunda. Þá er einnig fyrirbyggjandi að ræktað verði upp land sem fyllilega myndi skila þeim beitarnotum sem tapast. Tilkoma Búlandsvirkjunar mun því að okkar mati styrkja stoðir undir sauðfjárbúskap en ekki veikja eins og má skilja við lestur skýrslunnar.

### Fok úr farvegi Skaftár

Við á Búlandi erum nálægt Skaftá og erum næst því svæði þar sem áin minnkar vegna veitingar inn á Þorvaldsaura. Við höfum kynnt okkur gögn Suðurorku um helstu vindáttir og yfirgnæfandi áhrif Skaftárhlaupa á stærð uppfokssvæða í farveginum. Svo virðist sem matsmenn rammaáætlunar hafi ekki kynnt sér þessi gögn. Við teljum að þetta sé ekki jafn slæmt og lýst er í niðurstöðum rammaáætlunar. Þá viljum við líka vekja athygli á því að land sem stendur að bökkum Skaftár þar sem uppfoks gætir nú þegar er besta beitarlandið á milli Búlandsbæjar og Rótarhólma enda er uppfoksefnin mikill jarðvegsbætir.

### Áhrif neðan veitu við Búland

Við höfum kynnt okkur hvernig Suðurorka hefur látið hanna mannvirki sem deilir vatninu milli Eldvatns og Skaftár en mannvirkið verður rétt utan túnanna okkar niður með á. Þetta mannvirki er hannað til að deila vatninu í sama magni milli kvíslanna tveggja og því verða engin áhrif í Grenlæk, Tungulæk og Eldvatni af þessum sökum. Svo virðist sem áróðursvél veiðiréttarhafa og veiðimanna hafi náð til faghópsmeðlima sem hafi ekki lesið gögn Suðurorku um málið. Veitan við Sjónarhól mun deila vatninu eins og áður og verði breytingar sem menn verða ásáttir um þá er rennsli um veituna stillanlegt.

## Hraunin í farvegi Skaftár

Við lestur skýrslunnar kemur fram að hraunin í farvegi Skaftár séu merkilegri en mörg önnur hraun. Það er okkur sem þarna búum augljóst að þetta hraun er að hverfa undir eðjuna frá Skaftá hvort sem það verður virkjað eða ekki. Því er þetta einhver undarleg fínimennska sem ekki á við okkar viðmið í sveitinni að þurfa að láta þetta telja til verndar. Hvort sem það er vegna fágæti eða einhvers annars.

## Meningarminjar

Það er alveg með ólíkindum að sjá langan lista af hugsanlegum minjum sem eiga að draga úr ágæti þess að reisa Búlandsvirkjun. Eins er ekki sýnilegt að þessar minjar lendi innan framkvæmdasvæðis og ef þau gera það þá verða þau rannsökuð áður en farið verður í verkið á kostnað framkvæmdaaðila. Hvað er vandamálið eiginlega.

## Lögfræði

Nú erum við eigendur Búlands bara bændur og launamenn og ekki í álnum til að verja eigur okkar eins og virðist þurfa að gera gagnvart ofríki stjórnáslunnar og umhverfisverndunarfrekjanna. En okkar skilningur á stöðunni er þessi.

- Við eigum eign og stærsti hluti verðmæta hennar eru vatnsréttindi sem við höfum leigt til Suðurorku ehf á 70 ára samningi.
- Sett eru lög um rammaáætlun þar sem kveðið er á um að einhver stjórnáslu"nefnd" fari yfir hvort heimilt hagnýta réttindin.
- Nefndin ákveður að leggja til við Alþingi að heimila ekki nýtingu vatnsréttindanna.
- Alþingi ákveður eða ekki að setja í vernd
- Ef Alþingi ákveður að setja í vernd þá spillast verðmætin okkar.
- Alþingi ákveður bætur sem taka mið af verðmætunum sem spillast.

Ljóst er að ef fyrirliggjandi tillögur ná fram að ganga verðum við, eigendur Búlands, fyrir verulega fjártjóni vegna þeirrar rýrnunar sem verður á verðmæti landsins vegna hinna skertu nýtingarmöguleika þess. Fullar bætur skulu koma fyrir slíka skerðingu samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar og stjórnásluréttar, sbr. og ákvæði 51. gr., 51. gr. a og 51. gr. b í skipulagslögum nr. 123/2010 og ákvæði 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands um friðhelgi eignarréttar. Við áskiljum okkur allan rétt til að setja fram skaðabótakröfur á síðari stigum vegna hvers kyns tjóns sem leiðir af framangreindu, hvort sem er á hendur íslenska ríkinu, sveitarfélaginu sem fer með skipulagsvaldið og/eða öðrum aðilum.

Virðingarfyllt

Sigurður O. Pétursson

Bergdís Jóhannsdóttir

Gísli Vigfús Sigurðsson

Pétur Davíð Sigurðsson